



Um tildrög verkefnisins:

Endurreisn foreldrastarfs í þágu farsældar barna

Heimili og skóli hlaut sérstakan fjárhagslegan stuðning í upphafi árs 2023 frá stjórnvöldum til að efla foreldrastarf í þágu farsældar barna. Farsældarsáttmálinn er hluti af því verkefni.

Markmið samningsins er að:

- Stuðla að endurreisn og eflingu foreldrastarfs um allt land á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi með því að virkja foreldra, veita þeim stuðning og ráðgjöf og gefa þeim hlutverk og verkfæri til að vera virkir þátttakendur í öfluggu samstarfi við skóla, aðra foreldra og sveitarfélögin.
- Útbúa og stýra fræðslu- og samráðsverkefnum, m.a. mótun og innleiðingu á Farsældarsáttmála um land allt í samvinnu við hagaðila.
- Stuðla að virku og víðtæku samtali við foreldra þar sem áhersla er lögð á að mæta öllum foreldrum óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Samhliða því verður leitað leiða til að styðja sérstaklega við foreldra af erlendum uppruna, foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og foreldra barna í viðkvæmri stöðu.
- Styðja við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Efla og auglýsa símaráðgjöf fyrir foreldra.

Samningurinn er liður í aðgerðum stjórnvalda við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, innleiðingu menntastefnu til 2030 og Barnvæns Íslands.

Farsældarsáttmálinn er unninn í víðtækri samvinnu, samstarfi og samráði við hagaðila á borð við Menntamálastofnun, Barna- og fjölskyldustofu, Kennarasamband Íslands, samtökin Móðurmál, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skólameistarafélag Íslands, Grunn – félag fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Samfés, LUF, Reykjavíkurborg, Mennta- og barnamálaráðuneyti, auk fleiri aðila.

